

VIÐVÖRUN VEGNA SÝNDAREIGNA



Sýndareignir geta verið áhættusamar og neytendavernd getur verið takmörkuð eða jafnvel engin

Sýndareignir og þjónusta á sviði sýndareigna eru hvorki eins né lúta þær sömu reglum (ef einhverjar reglur gilda). Þó að ný, svokölluð MiCA reglugerð (reglugerð um markaði fyrir sýndareignir) sé nú til staðar innan EES sem tekur til starfsemi í tengslum við ákveðnar sýndareignir, eru flestar sýndareignir samt sem áður háðar miklum sveiflum og eru mjög áhættusamar. Þar af leiðandi henta þær e.t.v. ekki öllum neytendum sem fjárfesting, greiðsla eða skiptimynt.

Áhættan er mismunandi eftir tegund sýndareignar og þjónustuveitanda sýndareigna sem þú notar og

þú gætir hugsanlega notið takmarkaðrar eða engrar neytendaverndar (t.d. aðgengi að ítarlegum upplýsingum og gagnsæju ferli við meðhöndlun kvartana). Þetta á sérstaklega við ef þú fjárfestir í sýndareignum eða notar þjónustu á sviði sýndareigna frá fyrirtækjum með staðfestu utan EES, eða frá þjónustuveitendum sem ekki falla undir gildissvið MiCA.

Til að skilja betur mismunandi tegundir sýndareigna og þjónustuveitenda sem þú gætir orðið var við skaltu skoða upplýsingablaðið Sýndareignir útskýrðar: [Hvaða þýðingu hefur MiCA fyrir neytendur.](#)

ÞAÐ SEM ÞÚ ÆTTIR AÐ HAFNA Í HUGA ÁÐUR EN ÞÚ FJÁRFESTIR Í SÝNDAREIGNUM

1

Átta ég mig á áhættunni sem ég tek þegar ég fjárfesti í eða nota sýndareignir?

- Áður en þú fjárfestir skaltu taka tíma til að kynna þér þær vörur eða þjónustur sem þú hefur áhuga á.
- Líkt og við allar fjárfestingar, skaltu meta hvort áhættan sé þess virði að taka miðað við eigin markmið og fjárhagslegar aðstæður.

2

Eru fyrirtækin/aðilar sem ég er að íhuga að eiga viðskipti við með starfsleyfi til að veita þjónustu á sviði sýndareigna innan EES?

- Þú getur athugað hvort þjónustuveitandi hafi starfsleyfi innan EES með því að:
 - Skoða skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar* (shorturl.at/zZwVI)*. Fjármálaeftirlit hvers ríkis gætu mögulega einnig hafa útbúið „svartan lista“ yfir sýndareignarfyrirtæki án starfsheimildar. Þú getur einnig skoðað I-SCAN listann (iosco.org/i-scan/).
 - Skoða vefsíðu fyrirtækisins, upplýsingar um starfsleyfi þess gætu verið þar. Athugaðu að í ákveðnum tilvikum getur verið að fyrirtæki hafi aðeins starfsheimild til að stunda hluta af starfseminni (aðeins sumar tegundir þjónustu en ekki allar). Því skaltu einnig gæta þess að athuga hvaða þjónustu fyrirtækið hefur starfsheimild til að veita.

3

Eru tækin sem ég nota til að kaupa, geyma eða flytja sýndareignir og til að geyma einkalyklana mína, örugg?

- Að tapa einkalyklum að sýndareignum leiðir til varanlegs og óafturkræfs taps á aðgangi og eignarhaldi.
- Örugg geymsla á tækjum og lyklum er mikilvægt skref í að vernda sýndareignir þínar, sér í lagi eftirfarandi atriði: – Gakktu úr skugga um að tækið þitt og allur sýndareignatengdur hugbúnaður sé alltaf uppfærður í nýjustu útgáfu til að draga úr öryggisveikleikum.
 - Notaðu sterk og einstök lykilorð fyrir hvern sýndareignarreikning þinn, haltu lykilorðinu þínu leyndu og forðastu að endurnýta sama notandanafn og lykilorð að mismunandi kerfum. Sjá nokkrar ábendingar hér (shorturl.at/7ns3I).
 - Forðastu að skrá þig inn á sýndareignarreikninga þína í gegnum opin eða ótryggt netkerfi.

Hverjar eru helstu áhætturnar sem þú gætir staðið frammi fyrir?



Gríðarlegar verðsveiflur:

Verðmæti flestra sýndareigna, þ. á m. þeirra sem falla undir MiCA, getur verið mjög óstöðugt, sem þýðir að verð þeirra getur fallið og hækkað fljótt yfir stutt tímabil. Þú gætir tapað miklum peningum, jafnvel öllum peningnum sem fjárfest er.



Lausafjárahætta:

Lausafjárvandi getur komið upp á markaði fyrir sýndareignir, sem gæti takmarkað getu þína til að selja sýndareignir á verði eða tíma sem þú vilt.



Villandi upplýsingar:

Sumar sýndareignir og tengdar vörur eru markaðsettar á ágengan hátt, með ruglingslegum, ófullnægjandi, ónákvæmum og stundum vísvitandi villandi upplýsingum. Vertu vakandi fyrir áhættu sem slíkar auglýsingar fela í sér, sérstaklega á samfélagsmiðlum þar sem áhrifavaldar geta haft hvata til að auglýsa ákveðnar sýndareignir.



Svik, blekkingar og netárásir:

Fjölmargar svikamillur, blekkingar og netárásir tengdar sýndareignum eru til, og þú ættir að vera meðvitaður um að eini tilgangur þeirra er að hafa af þér peninga með ýmsum aðferðum. Svikarar geta m.a. notað falspósta og vefveiðar (e. phishing), beitt bragðvísi (e. social engineering) og svikahlekkjum, lofað óraunhæfri ávöxtun eða logið því að vera með tiltekið starfsleyfi.



Takmörkuð vernd:

MiCA veitir ákveðna neytendavernd þegar það kemur að tilteknum tegundum sýndareigna og þjónustu (t.d. aðgang að ítarlegum upplýsingum og so gagnsæju ferli við meðhöndlun kvartana). Hins vegar er verndin ekki eins umfangsmikil og sú sem gildir um hefðbundnari fjármálaafurðir (t.d. munt þú ekki njóta góðs af bótakerfum). Fyrir sýndareignir eða þjónustu í boði hjá fyrirtækjum sem ekki eru undir eftirliti innan EES, ef eitthvað fer úrskeiðis, gætir þú orðið af neytendavernd eða hlotið síðri vernd en gildir innan EES.



Flækjustig vöru:

Eiginleika og áhættur sýndareigna, og allra vara með undirliggjandi sýndareignir, getur verið erfitt að skilja. Vertu varkár þegar þú kaupir sýndareignir, eða tengdar fjárfestingarvörur, sérstaklega ef þú ert ekki viss um hvernig virði þeirra er ákvarðað og hver áhættan er.

Lagagrundvöllur og bakgrunnur

Þessi viðvörðun er byggð á 3. mgr. 9. gr. stofnreglugerðum ESAs og kemur í kjölfar fyrri viðvarana þ.m.t. viðvörðun (shorturl.at/hD4se) um áhættu sýndareigna frá 2022.

Hugtakið „sýndareign“ vísar til stafrænnar framsetningar virðis eða réttinda sem hægt er að flytja og geyma rafrænt, með því að nota dreifða færsluskráartækni eða sambærilega tækni.

Reglugerð um markaði fyrir sýndareignir (MiCA) gildir að fullu frá 30. desember 2024 í ESB.

* Þú ættir að vita að aðeins fyrirtæki sem hafa starfsleyfi og eru á skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna á EES samkvæmt MiCA. Þó gildir aðlögunartímabil til júlí 2026 í sumum aðildarríkjum, og geta sum fyrirtæki starfað samkvæmt landslögum þar til þau fá MiCA-leyfi. Þetta þýðir að þú munt ekki njóta góðs af neinum MiCA vörnum þegar þú notar þjónustu frá slíkum þjónustuveitendum fyrr en aðlögunartímabilið rennur út og veitandinn hefur leyfi samkvæmt MiCA.

Sjá einnig upplýsingar um aðlögunartímabilið fyrir hvert EES-ríki hér (shorturl.at/Cs49L).